

Land tækifæranna

Frelsi og ábyrgð einstaklingsins, mannréttindi og jafnræði, eru hornsteinar stefnu Sjálfstæðisflokksins. Jöfn tækifæri, menntun og fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga eru grunnur góðra lífskjara og jafnréttis. Atvinnufrelsi og eignarréttur eru órjúfanlegur hluti frjáls samfélags og forsenda þess að Ísland sé land tækifæranna.

Sterk staða íslensks efnahagslífs og skynsamleg stjórn ríkisfjármála allt frá 2013, undir forystu Sjálfstæðisflokksins, hefur gert Íslendingum kleift að takast á við efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldurs kórónuveirunnar með árangursríkari hætti en flestum öðrum. Þetta er mat OECD í nýlegri skýrslu þar sem segir að íslensk stjórnvöld hafi brugðist djarflega við samdrætti vegna faraldursins og beitt sveigjanleika í aðgerðum.

Íslenskt efnahagslíf er þegar á góðum vegi til efnahagslegrar endurreisnar. Hagkerfið hefur sýnt viðnámsþrótt með öflugri einkaneyslu og vexti í öðrum útflutningi en ferðaþjónustu á tímum heimsfaraldurs. Allt frá upphafi faraldursins studdi peninga- og fjármálastefna vel við hagkerfið – heimilin og fyrirtækin. Vegna þessa er útlit fyrir að hagvöxtur á þessu og komandi ári verði meiri en áður var reiknað með.

Ef haldið er áfram að fylgja þeirri efnahagsstefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft forystu um allt frá árinu 2013 er því ástæða til bjartsýni. Ísland getur sannarlega verið land tækifæranna.

Kosningaáherslur Sjálfstæðisflokksins

- Ábyrg efnahagsstjórn – forsenda þess að lífskjör á Íslandi haldi áfram að batna.
- Réttur til heilbrigðisþjónustu tryggður – ný þjónustutrygging setji fólk í fyrsta sæti.
- Græn orkubylting – Ísland taki forystu í orkuskiptum með því að nýta græna innlenda orku.
- Tryggingakerfi eldri borgara endurskoðað frá grunni og frítekjumark atvinnutekna hækkað strax í 200 þúsund krónur á mánuði.
- Lægri skattar – í þágu heimila og fyrirtækja.
- Öflugra og fjölbreyttara atvinnulíf – lægri álögur, einfaldara regluverk og hvatar til nýsköpunar.
- Stafrænt Ísland – betri þjónusta, hraðari afgreiðsla, auðveldara aðgengi og einfaldara líf.
- Uppstokkun á tryggingakerfi öryrkja – styrkja fjárhagslegt sjálfstæði og auka möguleika til atvinnupátttöku.
- Nútímalegar, greiðar og öruggar samgöngur um allt land – uppbygging öflugri innviða með valfrelsi og fjölbreytni að leiðarljósi.
- Frjáls alþjóðaviðskipti – höldum áfram að opna markaði um allan heim fyrir íslenskum útflutningi.
- Stafræn bylting í heilbrigðis- og velferðarþjónustu.
- Aukin fjölbreytni í menntakerfinu – til að halda í við öra þróun samfélags og þarfir atvinnulífs.

Áskoranir, kerfisbreytingar – minna bákn, einfaldara líf

Ein stærsta áskoranin komandi mánaða og missera er að tryggja að sú jákvæða þróun sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum, ekki síst á vinnumarkaði með fjölgun starfa og minna atvinnuleysi, haldi áfram.

Sóttvarnir

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að í frjálsu samfélagi er mikilvægt að stjórnvöld virði grunnréttindi borgaranna.

Í upphafi faraldursins var gripið til umfangsmikilla sóttvarnaaðgerða til að verja líf og heilsu landsmanna og tryggja um leið að heilbrigðiskerfið gæti sinnt nauðsynlegri þjónustu. Íslendingar hafa verið í forystu þjóða í baráttunni við veiruna. Nú þegar nær öll þjóðin er bólusett verður að slaka á sóttvarnaaðgerðum þannig að daglegt líf færist í eðlilegt horf. Nauðsynlegt er að halda áfram að vegna hagsmuni út frá sóttvörnum og efnahags- og samfélagslegum áhrifum.

Leggja á aukna áherslu á einstaklingsbundnar varnir. Um leið verður að huga sérstaklega að þeim sem glíma við undirliggjandi sjúkdóma eða eru af öðrum sökum í viðkvæmri stöðu. Sóttvarnaaðgerðir til lengri tíma geta ekki tekið mið af stöðu Landspítala heldur þarf skipulag og stjórnun spítalans að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma. Auka verður svigrúm heilbrigðiskerfisins til að bregðast við, jafnt fjárhagslega sem skipulagslega. Standa verður áfram vörð um fleira en sóttvarnir þegar kemur að heilsu landsmanna.

Traust stefna í efnahagsmálum

Halda þarf áfram þeirri efnahagsstefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft forystu um allt frá árinu 2013, en jafnframt sækja ákveðið fram með umbreytingum á ýmsum sviðum sem koma fram í kosningaáherslum flokksins. Þá getur Ísland sannarlega nýtt sér sóknarfærin og verið áfram land tækifæranna.

Fjölmörg verkefni blasa við á flestum sviðum. Hvernig tekist verður á við þau mun ráða mestu um hvort hægt sé að bæta lífskjör enn meira. Mikilvægt er að tryggja sjálfbærni ríkisfjármála til lengri tíma. Markmiðið er að rekstur ríkissjóðs verði orðinn jákvæður fyrir lok nýs kjörtímabils, fyrst og fremst með auknum útflutningstekjum og umbótum í opinberum rekstri. Leggja ber áherslu á að forgangsraða verkefnum og virkja einkaframtakið betur við veitingu opinberrar þjónustu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft forystu um að fækka ríkisstofnunum, draga úr þátttöku ríkisins á fjármálamörkuðum með sölu á hlutabréfum í bönkunum, og einfalda regluverk með afnámi laga og hundruð reglugerða. Með því hefur samkeppnisstaða atvinnulífsins verið styrkt og líf einstaklinga einfaldað.

Gagnsæi og betri nýting skattfjár

Gagnsæi í opinberri stjórnsýslu hefur verið aukið m.a. með birtingu allra reikninga ríkisins. Um leið hefur gagnsæi í atvinnulífinu aukist með gjaldfrjálsum aðgangi almennings að öllum ársreikningum fyrirtækja. Með Stafrænu Íslandi höfum við gjörbylt samskiptum og viðmóti hins opinbera gagnvart landsmönnum og við þurfum að halda áfram á þeirri braut. Markmiðið er að bæta þjónustu, gera hana aðgengilegri, hagkvæmari, einfaldari og fljótvirkari. Um leið er skattfé almennings nýtt betur.

Lægri skattar

Skattakerfisbreytingar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft forystu um allt frá 2013 hafa miðað að því að létta byrðar launafólks og auka kaupmátt, styrkja afkomu fyrirtækja, hvetja þau til fjárfestinga og byggja undir nýsköpun og þróun.

Atvinnulífið

Grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins er að frumkvæði einstaklingsins fái notið sín samfara ábyrgð á eigin athöfnum. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er forsenda framfara og undirstaða

velferðarkerfisins. Stjórnvöld eiga að skapa heilbriggt og hvetjandi umhverfi fyrir atvinnulífið svo nýta megi krafta einstaklinganna til fulls. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru hryggjarstykki íslensks atvinnulífs. Huga verður sérstaklega að umhverfi þeirra er varðar skatta, gjöld og regluverk til að styrkja samkeppnisstöðu þeirra.

Einfaldara regluverk

Undir forystu Sjálfstæðisflokksins hafa verið stigin markviss skref til að einfalda regluverk atvinnulífsins, auka samkeppnishæfni þess og ýta undir stofnun nýrra fyrirtækja og nýsköpun. Enn er þó mikið verk óunnið.

Það þarf að vera einfalt að stofna og reka fyrirtæki og það þarf að vera einfalt fyrir fyrirtæki að ráða starfsfólk. Skattaumhverfi verður að sníða með þeim hætti að tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni og þannig að almennt sé ekki þörf fyrir sértækar ívilnanir eða afslátt af opinberum gjöldum.

Aukin framleiðni er forsenda hagvaxtar og aukin framleiðni byggir á nýsköpun. Þess vegna er mikilvægt að stjórnvöld skapi umhverfi sem hvetur til nýsköpunar á öllum sviðum atvinnulífsins.

Bæta þarf samkeppnisumhverfi, laga- og regluverk þannig að hagsmunir almennings séu alltaf hafðir að leiðarljósi. Ein leið að þessu er að sameina Samkeppniseftirlitið og Neytendastofu.

Sókn í matvælaframleiðslu

Heilnæmi íslenskrar matvælaframleiðslu og hreinleiki náttúrunnar eru eftirsótt gæði í heimi sívaxandi eftirspurnar eftir matvælum og vatni. Nýta þarf þessa sérstöðu Íslands og leggja frekari grunn að sókn íslenskrar matvælaframleiðslu í landbúnaði og sjávarútvegi.

Sérstaða íslensks landbúnaðar er styrkur hans og tryggja þarf fjölbreytta búskaparhætti á grundvelli einkaframtaks og frelsis til athafna. Huga þarf sérstaklega að regluverki svo það hamli ekki nýsköpun og framþróun s.s. sölu afurða beint frá býli á neytendamarkað. Landbúnaður er mikilvægur í aðgerðum í loftslagsmálum og getur með hagkvæmum hætti skipt sköpum. Um það verður ekki deilt að loftslagsmál munu leika lykilhlutverk í þróun íslensks landbúnaðar. Hér er ekki um ógn að ræða heldur tækifæri fyrir bændur til að ná fram aukinni hagkvæmni og arðsemi. Allar aðgerðir þurfa að vera mælanlegar og árangur verðmetinn.

Íslenskur sjávarútvegur er burðarás í atvinnulífi um land allt og leiðandi í heiminum hvað varðar sjálfbærni, þróun og arðsemi. Atvinnugreinin er í daglegri samkeppni við erlendan ríkisstyrktan sjávarútveg. Nauðsynlegt er að gjaldheimta í sjávarútvegi dragi ekki úr samkeppnishæfni á alþjóðamarkaði og fjárfestingu í greininni. Fiskeldi er vaxandi hluti íslensks sjávarútvegs og gefur aukin tækifæri til verðmætasköpunar. Skoðað verði með hvaða hætti megi auka beina hlutdeild sveitarfélaga að tekjum í greininni. Við frekari uppbyggingu ber að leggja áherslu á góða umgengni ásamt mótvægisáðgerðum, svo álag á vistkerfi sé lágmarkað og sjálfbærni tryggð.

Öflug ferðaþjónusta

Ferðaþjónustan er og verður einn af máttafólpu atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar. Langtímastefnumótun í samstarfi ríkisins, sveitarfélaga og greinarinnar sjálfrar hefur reynst farsæl og á því samstarfi þarf að byggja áfram.

Tryggja verður samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar, stilla gjaldheimtu í hof og einfalda regluverk.

Nýsköpun tryggir fjölbreytni

Undir forystu Sjálfstæðisflokksins hefur umhverfi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja verið gjörbreytt. Lagður hefur verið traustur grunnur að fjölbreyttara atvinnulífi. Íslensk nýsköpunarfyrirtæki hafa haslað sér völl á margvíslegum sviðum, allt frá líftækni til tölvuleikja, frá stafrænum lausnum á sviði heilbrigðisþjónustu til rauntímalausna á sviði vöruflutninga, frá orkudreifingu til nýtingar jarðhita, frá hugbúnaðarlausnum á sviði verkefnastjórnunar til margmiðlunar og fjármála. Rótgróin hátæknifyrirtæki standa styrkum fótum og sækja fram á alþjóðamörkuðum.

Auka þarf samstarf opinberra stofnana og fyrirtækja við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki ekki síst með útvistun verkefna.

Ríkið út úr samkeppnisrekstri

Það er grunnstef Sjálfstæðisstefnunnar að ríkið standi ekki í fyrirtækjarekstri. Draga skal ríkið út úr samkeppnisrekstri. Eftir velheppnaða sölu á 35% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka er eignarhald ríkisins á viðskiptabönkum enn mikið eða hátt í 425 milljarðar. Mikilvægt er að ríkið haldi áfram að losa um eignarhluti sína í fjármálafyrirtækjum jafnt og þétt á næstu árum. Tryggja verður dreift eignarhald á bönkum. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á beina þátttöku almennings í atvinnulífinu með skattalegum hvötum.

Arðsöm nýting auðlinda

Arðsöm uppbygging og nýting auðlinda landsins í sátt við umhverfissjónarmið er lykilatriði í framtíðaruppbyggingu íslensks hagkerfis. Sjálfbær nýting orkuauðlinda byggir undir árangur í loftslagsmálum. Þær atvinnugreinar sem nýta náttúruauðlindir í eigu hins opinbera eiga að greiða hóflegt og sanngjarnt gjald fyrir. Þá þarf að gæta þess að nýtingar- og eignarréttur sé virtur í hvívetna.

Lægri byggingarkostnaður

Byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis á Íslandi er einn sá hæsti í Evrópu. Sú umgjörð sem yfirvöld hafa mótað fyrir byggingariðnaðinn er óskilvirk, tímafrek og dýr. Allar hindranir sem hamla því að framkvæmdaaðilar geti brugðist tímanlega við markaðsaðstæðum magna sveiflur, ýta undir óstöðugleika og auka þannig húsnæðiskostnað sem getur svo valdið ólgu á vinnumarkaði. Fasteignaverð hér á landi er hærra en það þyrfti að vera. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að leiða útgönguna út úr frumskógi reglugerða og hamlandi opinberra afskipta af byggingariðnaðinum.

Samgöngur

Samgöngur eru lífæð samfélagsins og leggja þarf áherslu á að allar samgöngur eru mikilvægar, hvort heldur sem er á lofti, láði eða legi. Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að ráðist verði í róttækar úrbætur í samgöngum með hraðari uppbyggingu og betri nýtingu fjármuna, meðal annars með samstarfsverkefnum ríkis og einkaaðila. Með því er lagður grunnur að meira öryggi, öflugri byggðum, atvinnusköpun og auknum hagvexti.

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar áformum um stóraukin framlög til samgönguframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2019 var gengið frá samgöngusáttmála milli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Með honum skal tryggja bættar samgöngur og frelsi einstaklinga þegar kemur að samgöngumáta, hvort sem um er að ræða almenningsamgöngur, almenna bifreiðaumferð, gangandi eða hjólandi. Einn samgöngumáti á ekki að þrengja að öðrum.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að þetta mikilvæga verkefni sé undirbúið vel, kynnt vel fyrir

Íbúum og um það sköpuð góð sátt. Mikilvægt er að tryggja arðbæra nýtingu fjármuna þannig að markmið um greiðari samgöngur, aukin lífsgæði og valfrelsi í samgöngum náist.

Ráðast þarf í flýtiframkvæmdir í samgöngum á grundvelli fjölbreyttari fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila, en þannig er hægt að ná fram hraðari uppbyggingu samgöngumannvirkja. Sundabraut er gott dæmi um aðkallandi og nauðsynlega framkvæmd sem hægt væri að vinna með þeim hætti.

Aukin áhersla verði lögð á uppbyggingu stofn- og tengivega um land allt. Mótuð áætlun um gerð jarðganga til lengri tíma, styrkingu ferjuleiða og viðhald flugvalla og uppbyggingu varaflugvalla. Greiðar og öruggar samgöngur eru mikilvægar undirstöður atvinnulífs og styrkja samkeppnishæfni byggðarlaga landsins.

Reykjavíkflugvöllur gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir allt landið og er því brýnt að hann verði óskertur í Vatnsmýri þar til annar jafn góður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar.

Fjarskipti og orkuöryggi

Uppbygging fjarskiptainniða er hagsmunamál fyrir atvinnulífið í heild sinni og forsenda fyrir raunverulegu valfrelsi einstaklinga um búsetu.

Ljósleiðaravæðing landsins, undir forystu Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt grunninn að jafnari skilyrðum til búsetu og styrkt samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Uppbygging ljósleiðarakerfa á þéttbýlisstöðum er forgangsverkefni.

Brýnt er að frekari áætlunir um lagningu gagnasæstrengja milli Íslands og umheimsins verði að veruleika. Áform um nýjan sæstreng á milli Íslands og Evrópu verða að ganga eftir á árinu 2023.

Raforkuöryggi – raforkuverð

Stjórnvöld verða að tryggja afhendingaröryggi á raforku um land allt og ryðja þannig braut að grænni iðnaðaruppbyggingu og orkuskiptum.

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar því að full jöfnun dreifikostnaðar raforku hefur verið tryggð frá og með þessu hausti, með hækkun jöfnunargjalds og sérstöku framlagi úr ríkissjóði. Mjög brýnt er að sú ráðstöfun verði varanleg og komið verði í veg fyrir að það fjari undan henni vegna mögulegra gjaldskrárhækkana í framtíðinni.

Sveitarfélög

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á sjálfstæði sveitarfélaga en vill stuðla að aukinni samvinnu þeirra og sameiningu í samræmi við vilja íbúa. Endurskoða þarf verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frelsi til vals um búsetu er mikilvægt. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að með öflugri grunnþjónustu, öruggu og nægu rafmagni, öflugum fjarskiptum og góðum samgöngum, skapast tækifæri fyrir dreifbýli og þéttbýli til bættra lífsgæða.

Náttúruvernd og loftslagsmál

Sjálfstæðisflokkurinn er og ætla áfram að vera leiðandi í aðgerðum og breytingum sem eru nauðsynlegar til að stemma stigu við loftlagsbreytingum. Við lítum á það sem skyldu okkar að vinna gegn loftslagsvánni til að verja lífsgæði okkar og afkomenda okkar. Í aðgerðunum felast efnahagsleg tækifæri.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að besta leiðin til árangurs sé skýr, árangursmiðuð stefna sem byggir á ítarlegum rannsóknum og greiningum, með gildi flokksins að leiðarljósi. Ívilnanir og jákvæðir hvatar eru besta tækid til að fá atvinnulífið og einstaklinga til að draga úr losun. Grænir skattar eiga ekki að hafa það markmið að auka tekjur hins opinbera. Þeir eiga að vera tímabundið úrræði sem hættir að skapa tekjur þegar kolefnishlutleysi hefur verið náð. Skapa þarf enn frekari hvata til fjárfestinga í grænum lausnum.

Græn orkubylting

Loftslagsmál og orkumál verða ekki skilin að. Í flestu er staða Íslands öfundsverð og gefur ómetanleg tækifæri til að vera leiðandi í grænni orkubyltingu, hverfa frá jarðefnaeldsneyti og taka upp umhverfissvænni orkugjafa. Græna orkubyltingin kallar á aukna notkun á bæði raforku og rafeldsneyti sem Ísland er í kjörstöðu til að framleiða. Íslendingar hafa áður lyft Grettistaki í orkuskiptum. Hitaveituvæðing 20. aldar var risavaxið verkefni fyrir fámenna þjóð sem batt nær alveg enda á olíunotkun til húshitunar. Ávinningurinn var aukin lífsgæði, minni mengun, aukin sjálfbærni og sjálfstæði Íslands í orkumálum og ómældur sparnaður í innkaupum á erlendu eldsneyti.

Efnahagslegur ávinningur af grænni orkubyltingu er mikill en árlega verja Íslendingar um 80-120 milljörðum króna í eldsneytiskaup frá útlöndum. Sjálfstæðisflokkurinn vill að Ísland stígi skrefið til fulls, sé leiðandi í orkuskiptum á heimsvísu með metnaðarfullum aðgerðum og verði fyrst þjóða óháð jarðefnaeldsneyti.

Sjálfstæðisflokkurinn minnir á að Íslendingar eiga mikið undir umhverfinu og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Sjálfbær þróun mætir kröfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Hún byggist á þremur meginstoðum; vistfræðilegri, félagslegri og efnahagslegri, sem eru óaðskiljanlegar og háðar hver annarri.

Þjóðgarðar í sátt

Uppbygging þjóðgarða á miðhálandi Íslands verður að vera í sátt við sveitarfélög, landeigendur og aðra þá sem nýta og njóta hálandisins. Sé rétt staðið að skipulagi og allri umgjörð þjóðgarða geta þeir ekki aðeins verið hluti af markvissum aðgerðum á sviði náttúruverndar heldur einnig skapað ný tækifæri í atvinnumálum um allt land, ekki síst ferðaþjónustu. Við uppbyggingu þjóðgarða verður að tryggja öruggan raforkuflutning um allt land ásamt sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda. Þá þarf að tryggja áfram ferðafrelsi um hálandi Íslands, óháð ferðamáta hvers og eins. Eigi að auka umfang þjóðgarða á hálandi Íslands þarf ávinningurinn að vera ljós fyrir þá sem nýta og njóta hálandisins.

Eignarrétturinn; besta náttúruverndin

Í umhverfismálum þarf að virkja ábyrgð einstaklingsins með jákvæðum hvötum. Einkaframtakið og eignarrétturinn eru besta náttúruverndin.

Sjálfstæðisflokkurinn vill stuðla að nýsköpun og notkun á helstu tækninýjungum þegar kemur að endurvinnslu og flokkun sorps. Efnahagsleg skynsemi er fólgin í eflingu hringrásarhagkerfisins með aukinni fullendurvinnslu.

Ráðast þarf í markvissar aðgerðir til að draga úr plastmengun á landi sem og í sjó, án boða og banna. Hvatar til breyttrar umgengni um plast eru hvað árangursríkastir.

Á grunni jákvæðra hvata geta framleiðendur, smásalar og neytendur minnkað matarsóun um helming á næstum tíu árum.

Sjálfstæðisflokkurinn ítrekar að eitt mikilvægasta verkefni Íslendinga á sviði náttúruverndar er að vinna að uppgræðslu og jarðvegsbindingu. Það verður best gert í samstarfi við þá sem hafa grætt og ræktað landið um aldir á grundvelli eignarréttar.

Velferðar- og heilbrigðismál

Nauðsynlegt er að móta nýja velferðar- og heilbrigðisstefnu á breiðum grunni í opinberum rekstri og einkarekstri með framtíðarsýn sem tekur til menntunar heilbrigðisstarfsfólks, tækniþróunar og þarfa fólks. Efla þarf sérstaklega forvarnir, endurhæfingu og geðheilbrigðisþjónustu. Með markvissri samþættingu og samvinnu opinberra og sjálfstætt starfandi aðila er hægt að bæta þjónustuna.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að við skipulag heilbrigðisþjónustu sé réttur einstaklinga til þjónustu tryggður. Með lögbundinni þjónustutryggingu verði fólk sett í fyrsta sæti. Sjúkratryggingar beri ábyrgð á því að sá sem þarf á þjónustu að halda fái hana innan ákveðins tíma – ásættanlegs biðtíma.

Uppstokkun tryggingakerfis eldri borgara

Sjálfstæðisflokkurinn vill innleiða nýtt fyrirkomulag ellilífeyris almannatrygginga til að skapa raunhæfa hvata til atvinnu. Vegna fortíðarstöðu verði tekin upp sérstök lífeyrisuppbót til þeirra sem hafa áunnið sér takmörkuð lífeyrisréttindi, eins konar viðbótargreiðsla úr lífeyrissjóðum sem skerðist ekki vegna annarra tekna.

Skipulag þjónustu við aldraða þarf að endurskoða og tryggja að hún sé heildstæð og samfelld. Verkaskipting milli sveitarfélaga og ríkisins í öldrunarþjónustu verður að vera skýr.

Aukið sjálfstæði eldri borgara – betri samþætting þjónustu

Markmiðið er að auka skilvirkni og bæta heildarþjónustu við eldri borgara, samþætta betur heimahjúkrun, félags- og tómstundarþjónustu og sál-gæslu og styrkja heilsueflingu. Miða skal þjónustu og úrræði við þarfir hvers og eins. Byggja verður upp öflugan dagþjónustu, fjölga þjónustuíbúðum og hjúkrunarrýmum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, en um leið auka sjálfstæði eldri borgara hvað varðar val á milli þess að búa sem lengst á eigin heimili eða dvelja á hjúkrunarheimili.

Nýta ber betur sjálfstætt starfandi fyrirtæki á þessu sviði og tryggja betur sjálfsákvörðunarrétt eldri borgara og fjárhagslegt sjálfstæði. Endurskoða verður fjármögnun hjúkrunarheimila, setja skýrari viðmið um þjónustu og taka tillit til eðlilegs húsnæðiskostnaðar. Lyfjakostnaður skal vera utan við rekstur hjúkrunarheimila sem og kaup á sérhæfðum hjálpartækjum.

Bætt kjör öryrkja – endurkomusamningur

Endurskoða þarf tryggingakerfi öryrkja frá grunni. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði öryrkja og að stuðlað sé að því að öryrkjar hafi ávinning af því að afla sér tekna. Þeim verði auðvelduð þátttaka á almennum vinnumarkaði með tilliti til starfsgetu án þess að þeir verði fyrir umtalsverðri skerðingu á örorkulífeyri. Það verði gert með persónubundnum samningum með skýrum rétti til að snúa til baka í fyrra kerfi.

Nýta einkaframtakið – hagsmunir sjúkratryggðra

Nýta þarf einkaframtakið mun betur og markvissar á sviði heilbrigðisþjónustu og fjárfestinga. Sjúkratryggingar Íslands verða að vera í stakk búnar til að rækja betur sitt hlutverk og einstaklingar og heilbrigðisstarfsfólk þurfa að eiga fleiri en einn valkost þegar kemur að sjúkrahússtarfsemi og almennri heilbrigðisþjónustu. Ganga þarf frá samningum við rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu og skapa traust og vinnufrið. Langir biðlistar og tvöfalt heilbrigðiskerfi eru þjóðarskömm í velferðarsamfélagi þar sem allir eiga að njóta góðrar þjónustu á tillits til efnahags eða

Þjóðfélagsstöðu. Sjálfstæðisflokkurinn minnir á nauðsyn þess að skipuleggja alla heilbrigðisþjónustu með tilliti til þarfa og hagsmuna sjúkratryggða – allra landsmanna.

Nýsköpun í velferðar- og heilbrigðisþjónustu

Tryggja verður gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu og nauðsynlegum lyfjum um allt land. Byggja verður upp tækjakost, sjúkraflutninga og sjúkraflug.

Nýta þarf rafrænar/stafrænar lausnir í auknum mæli. Samningar þurfa að liggja fyrir um kaup á þjónustu við sjúkrastofnanir og sérfræðinga á sviði velferðarþjónustu fyrir alla landsmenn og jafnræði skal ríkja á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.

Nýsköpun á öllum sviðum velferðar- og heilbrigðisþjónustu mun stuðla að aukinni hagkvæmni og gæðum í rekstri og tækifæri til aukinna útflutningstekna. Við menntun heilbrigðisstarfsfólks, vísindarannsóknir og fjárfestingu er þörf á fjölbreyttum rekstrarformum og fleiri atvinnutækifærum, m.a. til að auka áhuga ungs fólks. Virkjun bæði einkaframtaks og ríkisframtaks á sviði fjárfestinga í heilbrigðis- og líftækni stuðlar að umtalsverðum útflutningstekjum og grænum hagvexti.

Heilstæð stefna í sjúkrahúspjónustu

Móta þarf heilstæða stefnu í sjúkrahúspjónustu landsmanna. Landspítalinn þarf sem þjóðarsjúkrahús að sinna betur sínu skilgreinda hlutverki á sviði bráðalækninga, rannsókna og háskólakennslu. Innleiða á framleiðslutengda fjármögnun, svokallað DRG-kerfi. Landspítalinn á að sinna stærri og flóknari aðgerðum, auk þess að vera leiðandi sjúkrahús í sóttvörnum og öryggismálum hvað varðar lýðheilsu og heilsugæslu í landinu. Til að hann geti gegnt þessu forystuhlutverki þarf að gera honum kleift að draga úr annarri starfsemi með því að efna til og styrkja samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir, sérfræðilækna og aðra sjálfstætt starfandi aðila í heilbrigðisþjónustu.

Húsnæðismál

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á öruggt íbúðahúsnæði, hvort sem er til eignar eða leigu. Að hafa þak yfir höfuðið er ein af grunnþörfum mannsins og leggja ber áherslu á fjölbreytt og hagkvæm húsnæðisúrræði. Sjálfstæðisflokkurinn mun fjarlægja hindranir og auðvelda ungu fólki að eignast eigið húsnæði, en einnig stuðla að virkum leigumarkaður eins og þekkist víðast hvar í nágrennalöndunum.

Að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins var lögfest til frambúðar 10 ára skattfrjáls ráðstöfun séreignasparnaðar vegna fyrstu íbúðakaupa. Sjálfstæðisflokkurinn vill að tímabundin heimild annarra til að ráðstafa séreignasparnaði inn á íbúðalán verði til frambúðar, samkvæmt sömu reglum og gilda um fyrstu kaup.

Menntun og menning

Menntun er grundvöllur hagsældar og besta leiðin til að tryggja öllum jöfn tækifæri. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á fjölbreytt og jöfn tækifæri til menntunar, og að auk opinbers rekstrar séu kostir einstaklingsframtaksins nýttir með öflugum sjálfstætt starfandi skólum og nýsköpun á sem flestum sviðum. Hið opinbera á að greiða það sama með hverjum nema, óháð rekstrarformi skólans sem hann sækir.

Skólastarfið þarf að miða meira að þörfum hvers og eins þannig að nemendur nái árangri á sínum forsendum. Sérstaklega þarf að huga að börnum með erlent móðurmál og drengjum, en þeir standa höllum fæti samkvæmt rannsóknum og alþjóðlegum samanburði. Grunnskólar eiga að leggja aukna áherslu á list- og verkgreinar, almenna færni til að búa nemendum betri grunn fyrir nám á þeim sviðum á framhaldsskólastigi.

Iðn- og tækninám er ein grunnstoð fjölbreytts og öflugts atvinnulífs og ýtir undir nýsköpun. Sjálfstæðisflokkurinn fagnar því auknum áhuga ungs fólks á að leggja fyrir sig þær greinar. Tryggja verður að menntastofnanir geti mætt þeim áhuga og sinnt sívaxandi þörfum atvinnulífsins fyrir iðn- og tæknimenntað starfsfólk.

Gera á stóratök í netvæðingu og tryggja aðgang að starfrænu háskólanámi á Íslandi. Fólk á að geta menntað sig óháð búsetu, fjölskylduaðstæðum, fjárhag eða vinnu. Jafnrétti til náms er grundvallaratriði til að gera Ísland að landi tækifæranna.

Styrkja skal háskólanám um allt land og tryggja gæði þess.

Frjósamt umhverfi skapandi greina

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að umhverfi skapandi greina sé frjósamt og fjölbreytilegt. Lækkun á skattlagningu höfundaréttargreiðslna, sem ráðist var í að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins, er liður í að hlúa að skapandi greinum.

Hagstæðara skattaumhverfi, ekki ríkisstyrkir

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að rekstur sjálfstæðra fjölmiðla sé tryggður og leggst gegn beinum ríkisstyrkjum til þeirra. Umfang RÚV á auglýsingamarkaði og samkeppni við stór erlend tæknifyrirtæki, sem búa við mun hagstæðara skattaumhverfi, hafa haft verulega neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Rekstur ríkisins á fjölmiðlum má ekki hamla frjálsri samkeppni og raska rekstrargrundvelli annarra fjölmiðla. Takmarka á verulega umfang RÚV og bæta skattaumhverfi fjölmiðla.

Innflytjendur

Innflytjendur auðga bæði menningu og efnahag. Auðvelda ætti fólki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem getur fengið starf hér á landi, að koma hingað og starfa. Styttu þarf og einfalda alla ferla og kerfi er varða umsækjendur um alþjóðlega vernd. Útlendingalöggjöfina þarf að þróa áfram af ábyrgð, raunsæi og mannúð.

Utanríkismál

Eitt mesta hagsmunamál íslensks atvinnulífs er greiður aðgangur að erlendum mörkuðum. EES-samningurinn er mikilvægur en einnig tvíhliða fríverslunarsamningar við aðrar þjóðir. Áríðandi er að áfram verði haldið við að efla hagsmunagæslu innan ramma EES og tryggja að tækifæri til áhrifa á öllum stigum mála séu nýtt til fulls, meðal annars með aukinni skilvirkni í samræmi við tillögur sérfræðihópa um framkvæmd EES-samningsins.

Sjálfstæðisflokkurinn telur framsal valdheimilda til stofnana Evrópusambandsins óheimilt brjóti það gegn tveggja stoða kerfi EES. Mikilvægt er að tryggja framkvæmd EES-samningsins á grundvelli tveggja stoða kerfisins.

Áréttað er að hagsmunir Íslands eru best tryggðir með því að standa utan Evrópusambandsins. Mikilvægt er að tryggja að aðildarviðræður verði ekki teknar upp að nýju án samþykkis í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sjálfstæðisflokkurinn hvetur íslensk stjórnvöld til að stuðla að nánara samstarfi við önnur ríki, sér í lagi Norðurlönd, um áhrifaríkar aðgerðir til verndar umhverfi og lífríki lands og sjávar. Ísland verður einnig að bregðast við nýjum ógnum við öryggi fjaraskipta og upplýsingakerfa. Taka verður mið af þjóðaröryggi við innleiðingu nýrrar fjaraskiptatækni, fylgja fordæmi vinveittra grannríkja og leita eftir nauðsynlegu samstarfi við þau um netöryggi og varnir. Tryggja þarf afnotarétt af upplýsingatækni án þess að skerða friðhelgi einkalífs.

Ísland í Nató

Óvissa ríkir á alþjóðavettvangi um þessar mundir. Hún eykur nauðsyn þess að bandalagsþjóðir innan NATO standi vörð um sameiginleg gildi og Norðurlandþjóðirnar leggi sitt af mörkum með fordæmi sínu; lýðræðislegum stjórnarháttum, virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu.

Með stefnu sinni í öryggis- og varnarmálum verða Íslendingar að stuðla að stöðugleika á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna tryggja öryggi landsins.

Lífshagsmunir þjóðarinnar felast í því að hernaðarjafnvægi á norðurslóðum raskist ekki.

Stjórnskipun og löggæsla

Stjórnarskráin kveður á um grundvallarreglur lýðveldisins og mannréttindi borgaranna og hefur tekið nauðsynlegum breytingum á lýðveldistímanum.

Tilfni er til endurskoðunar ákveðinna þátta stjórnarskrárinnar en hyggja þarf vel að þeim breytingum og ráðrúm þarf að gefast, bæði innan þings og utan, til að gaumgæfa tillögur að breytingum á henni. Heildarendurskoðun sem umturnar öllum ákvæðum stjórnarskrárinnar samræmist illa sjónarmiðum um réttaröryggi og fyrirsjáanleika. Mikilvægt er að fylgja ákvæðum stjórnarskrár um hvernig standa skuli að breytingum á grunnlögum landsins.

Styrking lögreglunnar

Eitt af meginhlutverkum ríkisvaldsins er að tryggja öryggi borgaranna, vernda réttindi þeirra og friðhelgi einkalífs. Lögreglan skal halda uppi öflugri löggæslu með það að markmiði. Fjölga þarf lögreglumönnum í landinu og þekking, þjálfun, starfsumhverfi og búnaður þarf að vera í takt við nútíma kröfur.

Áfram þarf að taka á kynbundnu ofbeldi og leggja áherslu á að stytta ferli réttarvörslukerfisins og auka traust til þess.

Land tækifæranna fyrir alla

Á grunni verka Sjálfstæðisflokksins er útlitið bjart í efnahagsmálum og því eru allir möguleikar fyrir hendi til að bæta lífskjör enn frekar. Þegar hafa verið stigin stór skref í skattamálum til að ýta undir nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulíf nýrra tíma. Undir forystu Sjálfstæðisflokksins er verið að leiða stjórnarsýslu ríkisins inn í framtíðina með Stafrænu Íslandi. Markmiðið er að gera líf einstaklinga og fyrirtækja einfaldara, lækka kostnað og draga úr fyrirhöfn, nýta fjármuni hins opinbera með hagkvæmari hætti og auka framleiðni á öllum stöðum.

Með öflugri nýsköpun, frjósömum jarðvegi fyrir atvinnulífið, menntun, góðri velferðarþjónustu og traustri stjórn efnahagsmála ætla Sjálfstæðismenn að tryggja að Ísland verði land tækifæranna fyrir alla.